

AKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 168/2018

2021/EES/13/46

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1515 frá 31. ágúst 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið fyrir viðmiðunarárið 2018 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 28I (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2015) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„28m. **32017 R 1515**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1515 frá 31. ágúst 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið fyrir viðmiðunarárið 2018 (Stjttð. ESB L 226, 1.9.2017, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1515, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 226, 1.9.2017, bls. 6.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.